

Ár 2016 þriðjudaginn 11. október, kl. 12:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Lúðvíki Erni Steinarssyni, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Sigurði G. Guðjónssyni.

Fyrir er tekið

mál nr. 2/2016

UMF Vikingur Knattspyrnudeild

gegn

Knattspyrnusambandi Íslands

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I

Mál þetta dæma Lúðvík Örn Steinarsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Sigurður G. Guðjónsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 27. september 2016, þar sem Knattspyrnudeild UMF Víkings var sektuð um kr. 50.000,- og leikmaður liðsins, Pontus Nordenberg, var úrskurðaður í eins leiks bann.

II

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar er hann staðfestur varðandi sekt knattspyrnudeildar UMF Víkings en úrskurður nefndarinnar um eins leiks bann Pontus Nordenberg er felldur úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er varðar sekt knattspyrnudeildar UMF Víkings en úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um eins leiks bann Pontus Nordenberg er felldur úr gildi.

Lúðvík Örn Steinarsson

Jóhannes Albert Sævarsson

Sigurður G. Guðjónsson